

## Ályktun um sölu áfengis á íþróttaviðburðum

Flutt af stjórn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Aðalfundur Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins, haldinn 23. mars 2026, hagnar þá ákvörðun borgarráðs Reykjavíkur í febrúar 2026 um að heimila sölu áfengis á íþróttaleikjum. Aðalfundurinn skorar á íþróttafélög um allt land að axla lýðheilsuhlutverk sitt og hafna sölu áfengis á íþróttaviðburðum.

Áfengisneysla hefur fjölþætt neikvæð áhrif á heilsu og ljóst er að draga þarf úr aðgengi og sýnileika áfengis, sérstaklega á vettvangi sem ætlaður er börnum, ungmennum og fjölskyldum. Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu forvarnarhlutverki og hefur mótandi áhrif á viðhorf og hegðun ungs fólks. Með því að heimila sölu áfengis á íþróttaleikjum er stigið skref í ranga átt og grafið undan þeim jákvæðu lýðheilsusjónarmiðum sem íþróttastarf byggir á.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins minnir á að áfengisneysla eykur líkur á fjölmörgum tegundum krabbameina, auk annarra alvarlegra heilsufarslegra og samfélagslegra afleiðinga. Brýnt er að vernda almenning, sérstaklega börn og ungmenni, fyrir aukinni markaðssetningu, sýnileika eða aðgengi að áfengi á stöðum þar sem hreyfing og heilbrigði eiga að vera í forgrunni.

Aðalfundurinn telur að íþróttasvæði og íþróttaviðburðir eigi að vera öruggur og uppbyggilegur vettvangur heilbrigðrar samveru fyrir alla aldurshópa. Sala á áfengi samræmist ekki því markmiði. Fundurinn hvetur því íþróttafélög, sveitarfélög og aðra hagaðila til að endurmeta afstöðu sína og tryggja að íþróttastarf og íþróttaviðburðir verði áfram áfengislausir, í þágu lýðheilsu og framtíðarkynslóða.